

KÓPAVOGSBÆR

Greinargerð með árshlutareikningi

1. janúar – 30 júní 2015

Fjármáladeild

2015

Frá fjármáladeild Kópavogsbæjar

Bæjarráð

Greinargerð með árshlutareikningi Kópavogsbæjar pr. 30. júní 2015 er lögð fram til að draga fram helstu atriði sem vekja athygli við yfirferð uppgjörnsins. Tilgangurinn er að upplýsa bæjarráð um helstu niðurstöður uppgjörnsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks bæjarfulltrúa.

Árshlutareikningurinn er eins og áður, óendurskoðaður og ókannaður en gerður í samræmi við lög og reglugerðir en þó þannig, að ekki eru samdar sérstakar skýringar aðrar en sú greinargerð sem hér er lögð fram. Uppgjörið er notað innanhúss til að kanna hvernig rekstrarkostnaður er að þróast og það myndar grunn að útkomuspá ársins 2015 sem áætlaður efnahagsreikningur ársins 2016 mun byggjast á.

Árshlutareikningurinn er unninn á hefðbundnu uppgjörformi fyrir samstæðu Kópavogsbæjar og rekstraryfirlit á áætlunarformi. Í uppgjörinu er notast við tölur úr fjárhagsáætlun ársins fyrir afskriftir fjármuna og fyrir reiknaða lífeyrisskuldbindingu. Fyrir liggur að breyting verður á forsendum til útreiknings lífeyrisskuldbindinga á árinu 2015. Snýst hún um breytingu á lífslíkum og þar með lækkandi dánartíðni. Reikna má með að þessi breyting, auk ríflegra kjarasamninga ríkisstarfsmanna á árinu 2015, muni hafa þó nokkur áhrif á endanlegan útreikning lífeyrisskuldbindinga LSK og þar með afkomu Kópavogsbæjar fyrir árið 2015.

Rekstrarniðurstaða A-hluta samkvæmt þessu var neikvæð um 362 m.kr., en áætlun ársins, þar sem tekjum er dreift eftir greiðsluáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaða fyrra misseris yrði neikvæð um 232 m.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar A og B hluta, var neikvæð um 128 m.kr., en áætlun misserisins, dreifð eins og að framan greinir, gerir ráð fyrir tapi að fjárhæð 117 m.kr. Rétt er að nefna, að í sögulegu samhengi, þá falla til á fyrri helmingi árs um 48-49% af tekjum ársins en hins vegar stærrí hluti útgjalda hjá ákveðnum sviðum. Því ætti þessi halli að réttast af á seinni hluta ársins.

Samkvæmt uppgjörinu hafa skuldir samstæðu bæjarins hækkað frá áramótum um 1.940 milljónir og veltufjármunir styrkst. Ástæðan er sú, að tekið var lán til endurfjármögnunar sem kom inn á fyrri árshelmingi en stórar endurgreiðslur lána voru í júlí mánuði og fyrstu daga ágúst (um 1,8 milljarður). Einnig skal haft í huga að verðtryggð lán hafa hækkað vegna verðbólgu á fyrri árshelmingi.

Í eftirfarandi greinargerð verður farið nánar yfir einstakar rekstrareiningar eftir því sem niðurstöður gefa tilefni til.

Ingólfur Arnarson
Fjármála- og hagsýslustjóri

1. Samstæðan

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar, A og B hluta, var neikvæð um 127 m.kr. en áætlun ársins gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 117 m.kr. Ástæða mismunarins er einkum að skatttekjur eru heldur lægri en reiknað var með, en á móti vegur að bókuð er tekjufærsla vegna lóðaúthlutana, sem ekki var á áætlun.

Þegar rekstraryfirlitið er skoðað er rétt að hafa í huga að fjármagnsliðir uppgjörs eru ekki sambærilegir við fjármagnsliði áætlunar, þar sem ákveðið var við ársuppgjör 2014, að breyta fjármagnsskipan nokkurra stofnana bæjarins, þar sem hún þótti orðin afar skekkt. Þessi breyting hefur hinsvegar óveruleg áhrif á reikning A hluta og engin áhrif á samstæðureikninginn.

Hækkun vísitölu neysluverðs á tímabilinu var 1,71%, en áætlun ársins, sem byggðist á þjóðhagsspa sumar 2014 frá Hagstofu Íslands, en þar var gert ráð fyrir 3,4% verðbólgu allt árið, þannig að hækkun vísitölu er nálægt áætlun. Ómögulegt er að segja til um hvernig verðbólgan þróast það sem eftir lifir árs, en nýrri spár, s.s. frá Seðlabanka, benda til að verðbólga ársins verði heldur lægri en spá Hagstofu Íslands frá sumri 2014.

Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði, afskriftir og lífeyrisskuldbindingar var jákvæð um 1.895 m.kr. Þetta þýðir að framlegðarhlutfall samstæðu var um 16,3%, en í reglum frá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að framlegðarhlutfallið sé á bilinu 15-20%.

Heildareignir samstæðu voru 59.916 m.kr., þar af fastafjármunir 55.122 m.kr. og veltufjármunir 4.793 m.kr. Heildarskuldir með lífeyrisskuldbindingu voru 43.862 m.kr. og bókfært eigið fé 15.988 m.kr. sem gerir 26,7% eiginfjárhlutfall. Veltufjárhlutfall (veltufé/skammtímaskuldir) er 0,96.

Veltufé frá rekstri samstæðu nam 1.013 m.kr. en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að niðurstaða ársins 2015 verði 3.047 m.kr. Handbært fé frá rekstri nam 79 m.kr., en mikið fé er bundið í kröfum vegna lóðaúthlutana auk þess sem verið var að greiða upp skammtímaskuldir.

Fjárfestingahreyfingar sýna að búið var að bóka framkvæmdir nettó fyrir 341 m.kr. á þessum tímavörðum en jákvæð staða þýðir að lóðaúthlutanir eru að fjármagna framkvæmdir. Einnig eru þarna breytingar á langtímakröfum sem t.d. tengjast úthlutunar lóða. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 1.723 m.kr. sem skýrist fyrst og fremst af lántöku á fyrra misseri sem mun greiða afborganir á því seinna.

Handbært fé samstæðunnar nam 2.553 m.kr. í lok tímabils.

2. A-hluti

Ársreikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggingarsjóðs MK og Þjónustumiðstöðvar.

Staða innlendra lána

Hækkun vísitölu neysluverðs á tímabilinu var 1,71%, en áætlun ársins, sem byggðist á þjóðhagsspa sumar 2014, gerði ráð fyrir ca. 3,4% verðbólgu allt árið. Hækkun vísitölu á tímabilinu er því nálægt því sem áætlað var.

Staða erlendra lána

Staða gengisbundinna lána þann 1.1.2015 var 516 m.kr. samkvæmt ársreikningi en á miðju ári var staðan 451 m.kr. Gengishagnaður samstæðunnar var um 23 m.kr.

2.1 Aðalsjóður

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 361 m.kr. sem er lakara en áætlað var, en munurinn liggur fyrst og fremst í að tekjur á fyrri helmingi ársins eru heldur lægri en áætlað var. En einnig fara útgjaldaliðir framúr, s.s. snjómokstur o.fl. Skatttekjur fyrstu sex mánaði ársins eru 9.280 en voru áætlaðar 9.497 á fyrri helmingi ársins, en reynslan sýnir að á fyrri helmingi árs falla til á bilinu 48-49% tekna ársins.

Nettó rekstrarkostnaður málaflokka var 9.315 m.kr. en dreifð áætlun ársins gerir ráð fyrir 9.311 m.kr., þannig að þar er frávikið óverulegt. Hér á eftir er farið yfir helstu útgjaldaliði sviða.

2.1.1 Velferðarsvið

Rekstur velferðarsviðs er um 11 m.kr. undir áætlun á fyrra misseris ársins, eða um 1,5%. Sá liður sem fer helst fram úr áætlun er liðveisla fyrir fatlaða og fjárhagsaðstoð. Einnig vantar nokkuð upp á að framlög ríkisins vegna málefna fatlaðra fylgi áætlun. Sá liður sem er hins vegar undir áætlun er rekstur í íbúðakjarna í Austurkór, sem vegur aðeins á móti skertum framlögum.

2.1.2 Menntasvið

Heildarútgjöld fræðslusviðs eru 5.712 m.kr. en dreifð áætlun gerði ráð fyrir nánast sömu tölu.

Leikskólar.

Rekstrarniðurstaða bæjarrekkinna leikskóla ásamt skrifstofu leikskólafulltrúa var 2 m.kr. yfir hlutfallaðri áætlun Séu sjálfstætt starfandi leikskólar skoðaðir, þá er Kór 5,7% yfir áætlun (6,2 m.kr.) og Aðalþing 8% yfir áætlun (8,6 m.kr.). Skýringin þarna er annars vegar meiri aðsókn en áætlað var og að mönnun leikskólans er dýrari en áætlað var, þ.e. hærra hlutfall leikskólakennara hefur hafið störf við þessa skóla en áætlað var.

Þó bæjarreknu leikskólarnir komi vel út sem heild, þá vekur athygli hve misgóður rekstur þeirra er. Þeir sem standa sig best eru allt að 5-6% undir áætluðum kostnaði á þessum tímamótum meðan á hina hliðina finnst dæmi um allt að 17% yfir áætlun. Skýring á halla getur legið í óvæntum langtímaveikindum sem hafa kallað á nýráðningu í afleysingu.

Grunnskólar

Rekstrarkostnaður grunnskóla að meðtaldri grunnskóladeild og „grunnskólar sameiginlegt“ og gjaldfærslu vegna iPad verkefnis var 9,5 m.kr. umfram hlutfallaða áætlun. Almennt er staða skólanna þokkaleg hlutfallslega séð, en kostnaður við þá er jafnan heldur meiri á fyrri hluta árs en þeim seinni. Þrír skólar eru meira en 3% fram úr áætlun, en það eru Kársnesskóli (5%), Kópavogsskóli (8,5%) og Salaskóli (5,8%). Það sama gildir hér og með leikskólana, að líkleg skýring á hærri launakostnaði liggi í langtímaveikindum, að fleiri nemendur þarfnist sérþjónustu sem ekki var gert ráð fyrir við áætlanagerðina og/eða að þeir séu að draga á inneign sem tengist skólasamningi en að uppgjör vegna þess hafi ekki farið fram.

Tónlistarskólar

Kostnaður við tónlistarskóla er rétt undir áætlun við þetta uppgjör sem og skólahljómsveitin.

2.1.3 Menningarsvið

Þegar búið er að taka tillit til ógreiddra áfallinna innri færslna, þá er menningarsviðið 2,4 m.kr. yfir áætlun. Helsti munur liggur í tekjufærslu hjá Náttúrufræðistofu, en svo virðist sem tekjufærsla hafi frestast fram á seinnipart árs.

2.1.4 Íþrótt- og tómstundasvið

Þegar búið er að gera leiðréttingar á kostnaði, þá er sviðið um 42 m.kr. undir áætlun. Hér var ákveðið að lagfæra ekki sérstaklega vegna sumarvinnu og vinnuskóla nema til að rétta af mismun á milli innri liða svo það sé jafnvægi á þeim, að öðru leiti ættu þessir liðir að jafna sig þegar lengra líður á árið.

Félagsmiðstöðvar

Þann 30. júní voru félagsmiðstöðvar um 1,5 m.kr. undir hlutfallslegri áætlun. Sumar þeirra voru vel undir, en ein var 23% yfir, en skýringin þar eru langtímaveikindi að sögn deildarstjóra.

Sundlaugar

Nettó útgjöld við rekstur sundlauga var um 207 m.kr. en það var um 20 m.kr. yfir hlutfallaðri áætlun. Er það fyrst og fremst starfsmannakostnaður sem fer fram úr áætlun, en einnig virðist sem tekjur í Salalaug séu ekki að skila sér eins og áætlað var.

Íþróttamannvirki

Kostnaður við rekstur íþróttahúsa var um 10 m.kr. undir fjárheimildum þann 30/6, en staða húsanna er nokkuð misjöfn þó heildin sé í lagi. Ein skýring á þessu er að hluti rekstrarútgjalda íþróttahúsanna fellur á skólana sem leiðréttist svo á milli stofnana í árslokauppgjöri.

2.2.5 Umhverfissvið

Nettó útgjöld umhverfissviðs (skipulags- og byggingarmála) eru 19 m.kr. yfir hlutfallslegri áætlun. Tekjur sviðsins á fyrri helmingi ársins eru lægri en reiknað var með (4 m.kr.) og munar þar mest um úttektargjöld, en einnig byggingarleyfisgjöld. Skipulagsgjald, sem er greitt bænum á fyrri hluta árs er um 19 m.kr. m.v. árið en áætlun gerði ráð fyrir 20 m.kr. Starfsmannakostnaður fer 11 m.kr. fram úr áætlun og þjónustukaupin eru heldur meiri. Ástæðuna er fyrst og fremst að finna í auknum umsvifum. Eins má telja líklegt að á seinni

helmingi ársins falli þjónustutekjurnar til í auknum mæli t.d. þegar framkvæmdir verktaka hefjast á Gladhéimasvæði.

2.2.6 Atvinnumál

Þessi liður er undir áætlun, en hluti þess kostnaðar sem hér er áætlaður er gjaldfærður á aðra liði. Því var ákveðið að hafa hann eins og hann er bókaður,

2.2.7 Sameiginlegur kostnaður

Þessi málaflokkur er nánast á pari við áætlun þegar búið er að taka tillit til eðlilegs hlutfalls af kostnaði sem fellur á málaflokkinn á seinni hluta ársins.

Kostnaður við rekstur bæjarstjórnar og bæjarráðs er um 1,1 m.kr. yfir áætlun í uppgjörinu, eftir að útgjöld vegna afmælishátíðar hafa verið hlutfölluð á árið.

Heildarútgjöld við rekstur stjórnsýslusviðsins (deildir 290-460) var 220 m.kr eða um 11 m.kr. undir áætlun. Framlög til LSK eru um 7,4 m.kr. fram úr áætlun og árshátíð bæjarins stefnir í að verða undir áætlun.

2.2 Eignasjóður

Bókaðar tekjur eignasjóðs þann 30.06.14 eru 1.809 m.kr. sem að langmestu leyti er innri leiga, en einnig eru tekjufærðar 100 m.kr. vegna úthlutana á lóðum. Áfallinn rekstrarkostnaður og fasteignagjöld eignasjóðs voru 553,7 m.kr., afskriftir 553,1 m.kr. og bókaður fjármagnskostnaður 1.036 m.kr.

Við vinnslu ársreiknings 2014 var fjárhagsskipan eignasjóðs breytt, þannig að hluta innri lána var breytt í eigið fé. Þetta þýðir að niðurstaða fjárhagsáætlunar eignasjóðs og raunútkoman hér er ekki sambærileg þegar fjárhagsliðir eru teknir með í samanburðinn.

Í framhaldi af þessu hálfársuppgjöri þarf að leggja vinnu í að endurmeta tekjur eignasjóðs, þannig að þær nái að standa undir útgjöldunum. Í því samhengi þarf einnig að hafa í huga, að hluti af vandanum eru eignir sjóðsins sem gefa ekki tekjur á móti t.d. vöxtum af fjárbindingu og afskriftum. Hér er fyrst og fremst um að ræða birgðir lóða, en þessi liður ætti nú að fara hratt lækkandi með úthlutun lóða á dýrum byggingarsvæðum. Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var neikvæð um 334 m.kr.

Framkvæmdir eignasjóðs, sem koma fram á efnahagsreikningi ganga eftir áætlun. Þar eru stærstu liðirnir framlög til golfskála GKG samkvæmt samningi (44 m.kr.), breyting í íþróttahúsinu Kór fyrir Hörðuvallaskóla (98 m.kr.), framlög vegna sambýla (samt. 91 m.kr.) og nýframkvæmdir við götur (233 m.kr.).

2.3 Þjónustumiðstöð

Bókaðar tekjur þjónustumiðstöðvar í uppgjörinu eru 148 m.kr. og starfsmannakostnaður 129 m.kr. Mikill hluti af rekstrartekjum og rekstrarútgjöldum þjónustumiðstöðvar fellur til á sumrin og er millifærður frá öðrum stofnunum. Annar rekstrarkostnaður er 55 m.kr., afskriftir 20 m.kr. og fjármagnskostnaður 17 m.kr. Eins og hjá eignasjóði, þá var fjárhagsskipan

Þjónustumiðstöðvar breytt í uppgjöri ársins 2014, þannig að fjármagnsliðir eru nú mun lægri en þeir hefðu orðið að óbreyttu. Í framhaldi af þeirri breytingu þarf nú á seinni hluta ársins að leggja vinnu í að skoða útgjöld sem falla á þjónustumiðstöð sem heimfæra mætti að hluta á aðrar rekstareiningar bæjarins, þannig að útgjöld séu heimfærð á þann stað sem þeim veldur.

3. B-hluti

3.1 Kópavogshöfn

Umsvif hafnarinnar eru afar lítil, en heildartekjur í þessu uppgjöri eru 12,7 m.kr. eftir að lóðaleigutekjur frá aðalsjóði að fjárhæð 9,1 m.kr. hafa verið millifærðar.

Starfsmannakostnaður er 4,5 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 3,8 m.kr. og afskriftir 6,1 m.kr. Fjármagnskostnaður hafnarinnar er hinsvegar 8,6 m.kr. Rekstrartap fyrstu 6 mánuði ársins nam um 10 m.kr.

Með sama hætti og hjá eignasjóði og þjónustumiðstöð, þá var fjármagnsskipan hafnarinnar breytt við ársuppgjör 2014, til að rétta af efnahagsreikninginn og létta á fjármagnsgjöldunum.

Annars, þegar rekstur hafnarinnar er skoðaður sést, að beinar rekstrartekjur eru langt frá því að standa undir beinum rekstrarkostnaði við starfsemina og hefur svo verið í mörg ár. Á hafnarstarfseminni liggur mikill fastur kostnaður sem ekki er hægt að komast hjá þó starfsemi leggist niður, hér er um að ræða afskriftir, fjármagnskostnað og tilfallandi smá kostnað sem ekki verður komist undan þó starfsemi væri sett í algert lágmark.

3.2 Húsnæðisnefnd

Tekjur þessa reksturs voru 243 m.kr. eða um 18 m.kr. umfram hlutfall áætlunar. Enginn launakostaður liggur nú á rekstrinum en vöru- og þjónustukaup og skattar eru um 93 m.kr. Fjármagnsliðir eru um 190 m.kr. Rekstrarniðurstaðan í þessu uppgjöri er 66 m.kr. tap.

Hér er gott að hafa í huga, að samkvæmt lögum eru skuldir rekstraraðila (hér húsnæðisnefndar) færðar upp m.v. vísitölu, en fasteignahliðin stendur óbreytt, þannig að ákveðið misvægi eigna og skulda myndast í efnahagsreikningum. Þannig getur myndast dulin eign sem verður ekki „sýnileg“ fyrir en við sölu eignar.

3.3 Fráveita

Rekstrarafgangur fyrstu 6 mánuði ársins nam 232 m.kr. Tekjur voru 465 m.kr. vöru- og þjónustukaup um 61 m.kr. og fjármagnsliðir 74 m.kr. Hjá fráveitu er ekki bókaður launakostnaður, hins vegar eru ýmis verkefni fráveitu leyst af hendi af umhverfissviði og í þjónustumiðstöð. Eins og áður hefur komið fram, þá verður á seinni hluta ársins 2015 farið í að meta þetta framlag til að heimfæra útgjöld á réttan stað.

3.4 Vatnsveita

Rekstrarafgangur fyrra misseris nam 101 m.kr. Tekjur voru 277 m.kr., starfsmannakostnaður var nálægt áætlun og sama á við um vöru- og þjónustukaup. Fjármagnsliðir eru um 44 m.kr. sem er undir helmingi áætlunar. Eins og hjá fráveitu, þá leysa umhverfissvið og þjónustumiðstöð ýmis verkefni fyrir vatnsveitu og verður það framlag metið á seinni hluta ársins 2015 til að heimfæra útgjöld á réttan stað.

3.5 Tónlistarhús

Rekstrarhalli fyrstu 6 mánuði ársins var 23 m.kr. en hlutfallsleg áætlun ársins gerir ráð fyrir 24 m.kr. Tekjur voru 14,4 m.kr., starfsmannakostnaður var 11,8 m.kr. og annar rekstrarkostnaður um 11 m.kr., hvort tveggja rétt undir áætlun.